

Sp.

635. Breytingartillögur

við frv. til fjárukalaga fyrir árið 1923.

I. Frá Jakob Möller.

Við 4. gr. 5. Liðinn skal orða svo:

Til uppbótar á launum starfsmanna landssímans og talsíma-
kvenna við bæjarsímann í Reykjavík, samkv. tillögum lands-
símastjóra, þó svo, að efnisvörður landssímans, Steindór

Björnsson, fái 200 kr. fyrir hvert barna sinna... .. kr. 19300,00

II. Frá Guðm. Guðfinnssyni, Jakob Möller og Bjarna Jónssyni frá Vogu.

Við 5. gr. Nýr liður á undan 1:

Til þess að kaupa gagnvermi (»Diathermi«-áhalð), alt að ... kr. 3500,00

III. Frá fjárveitinganefnd neðri deildar.

Við 10. gr. 5. Nýr liður.

Til R. Andersson skráddara, til þess að sauma landsforða af karlmanna-
fatnaði úr íslenskum dúkum til gjaldeyrisparnaðar, 20000 kr. Lánið er veitt
til 12 ára, með 5¹/₂% í vexti, afborgunarlaust tvö fyrstu árin, gegn trygging,
sem stjórnin tekur gilda.